

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 149/1995.

**Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn**Sigurjóni Péturssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1995 um staðfestingu á ákvörðun fangelsisyrivalda um bann við því, að varnaraðili, sem sætir gæsluvarðhaldi til 5. maí nk., noti eldfæri í fangaklefa, og um bann við tóbaksreykingum hans eftir miðnætti. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði heimilað að hafa eldfæri undir höndum, en til vara, að bann við tóbaksreykingum sínum eftir miðnætti verði fellt úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Telja verður ríkissaksóknara réttilega aðila að máli þessu, sbr. 141. gr. laga nr. 19/1991.

Fallast verður á, að öryggissjónarmið tengd meðferð fanga í Síðumúlafangelsi á eldfærum og tóbaksreykingum þeirra að næturlagi leiði til þess, að við ákvörðun fangelsisyrivalda verði ekki hróflað. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1995.

Beiðni Sigurjóns Péturssonar, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 24. apríl sl., er lögð fyrir dóminn á grundvelli 3. mgr. 108. gr laga nr. 19/1991 og 75. gr. sömu laga, og var hún tekin til úrskurðar 25. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gæsluvarðhaldsfanginn Sigurjón Pétursson gerir þá kröfu, að sú ákvörðun fangelsisyrivalda um bann við, að hann fái að hafa eldfæri undir höndum, verði felld úr gildi, en til vara krefst hann þess, að bann við reykingum eftir miðnætti verði fellt úr gildi. Þá gerir hann kröfu um þóknun til talsmanns síns.

Af hálfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er gerð sú krafa, að málinu verði vísað frá. Til vara er þess krafist, að ákvörðun um bann við því, að gæsluvarðhaldsfangar hafi eldfæri í fórum sínum, verði staðfest og undantekning ekki heimiluð frá því banni, að því er varðar beiðanda. Um reykingabann eftir miðnætti kveðst Fangelsismálastofnun krefjast þess, að fangavörðum verði áfram falið mat á tilhögun þess. Þá krefst Fangelsismálastofnun ríkisins málflutningsþóknunar.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins eru engar kröfur gerðar.

Með vísan til áður nefndra ákvæða reglugerðar nr. 179/1992 og skírskotun til þess, að hér er um almennar reglur um umgengni að ræða, sem snerta ekki beiðanda einan, verður að staðfesta þær ákvarðanir fangelsisyrivalda, að beiðanda sé ekki heimilt að hafa eldfæri í fangaklefa sínum né reykja þar að nóttu til.

Kröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins um málflutningsþóknun er vísað frá, þar sem hana skortir rökstuðning og lagagrundvöll.

Þá verður talsmanni beiðanda ekki úrskurðuð þóknun vegna þessarar kröfu gæsluvarðhaldsfangans sérstaklega að svo stöddu.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafluttrúi kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er hafnað.

Ákvörðun fangelsisyrivalda um að banna gæsluvarðhaldsfanganum Sigurjóni Péturssyni notkun eldfæra í fangaklefa og banna honum tóbaksreykingar eftir miðnætti skal standa óröskuð.

Kröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins um málflutningsþóknun er vísað frá.

Kröfu Sigurjóns um, að talsmanni hans verði úrskurðuð þóknun vegna þessarar beiðni, er hafnað að svo stöddu.